

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. apríl 1976

um fimmtu breytingu á tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli**(76/399/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli ⁽³⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 70/358/EBE ⁽⁴⁾, eru skráð litarefni sem heimiluð eru í aðildarríkjunum.

Miklar framfarir hafa orðið í aðferðum sem beitt er við eitur-efnarannsóknir á aukefnum í matvælum frá því að tilskipun þessi var samþykkt, einkum hvað snertir mat og túlkun á líf- og efnafræðilegum upplýsingum.

Ekki skal lengur heimilt að nota ákveðin litarefni í matvæli í ljósi þeirra krafna sem nú eru gerðar um öryggi í notkun litarefna.

Æskilegt er að slíkt bann komi til framkvæmda á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hættu af en um leið verði reynt að komast hjá tæknilegri og efnahagslegri röskun eftir því sem unnt er.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Breyta skal I. og III. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962 sem hér segir:

Eftirfarandi litarefni eru felld burt frá og með 1. janúar 1977:

E 103 Krýsóín S,
E 105 Litfast gult AB,
E 111 Appelsínulitt GGN,
E 121 Orkíl, orsín,
E 125 Skarlatsrautt GN,
E 126 Ponsó 6 R,
E 130 Antrakínón blátt (sófanþren blátt RS),
E 152 Svart 7984,
E 181 Brennd úmbra.

2. Frá og með 1. janúar 1978 er bannað að setja á markað matvæli sem innihalda eitt eða fleiri af þeim litarefnum sem tilgreind eru í 1. mgr.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 79, 5. 4. 1976, bls. 46.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 50, 4. 3. 1976, bls. 8.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 157, 18. 7. 1970, bls. 36.

2.. gr.

Aðildarríki, sem höfðu heimild til að banna notkun á einu eða fleiri litarefnum, sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr., fram til 31. desember 1975, mega framlengja bannið.

3.. gr.

Aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja tilskipun þessari á þeim tíma sem tiltekinn er í 1. gr. og tilkynni það jafnframt framkvæmdastjórninni.

4.. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 6. apríl 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

J. HAMILIUS

forseti.
